

Nd.

11. Frumvarp til laga

um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir rikissjóð.

Flm.: Eysteinn Jónsson.

1. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir rikissjóð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þar sem ný lántökuheimild hefir nú verið samþykkt í stað þeirrar, sem um ræðir í þessu frumvarpi, þykir sjálfsagt að afnema lántökuheimildina.